

# Fundargerð í Rallýráði AKÍS

Fundur haldinn á Google Meet kl. 19.45

Mættir Ísak Guðjónsson, Ingimundur Helgason, Garðar Gunnarsson, Aðalsteinn Símonarson.

---

## 1. Reglubreytingar

- Komið hefur í ljós að ekkert er í gildandi reglum um undanfara né eftifara, kröfur um að þeir skuli vera né tilgang þeirra eða verksvið. Nefndarmenn sammála um að nauðsynlegt væri að bæta úr þessu.  
Ákveðið að ÍG skoði hvað hugsanlega hefur verið í fyrri útgáfum reglna og leiðbeininga, athugi líka hvernig þessu er háttað hjá nágrannabjóðum. Munum svo bæta inni greinarreglur fyrir formannafund.
- Umræða varð um flokkaskiptingu og Íslandsmeistaratitla. Nefndin sammála að breyta fyrirkomulaginu þannig að ekki verði keppt sérstaklega til Íslandsmeistara í flokki A heldur verði keppendur og ökumenn sem falla undir þann flokk eingöngu hluti af „Heildin“ samkvæmt grein 6 í keppnisgreinarreglum fyrir rally.  
Ákveðið að IH og AS komi með tillögu að breyttum texta.

## 2. Nýr flokkur

ÍG ásamt fleirum er að vinna að reglum fyrir „jepplingaflokk“. Ráðið fagnar framtakinu og er tilbúið til að leggja reglurnar fram fyrir formannafund ef þær klárast í tíma.

## 3. Marktími

Borið hefur á að í viðsnúningum sé marktími sérleiða svo langur að tafir geti orðið á keppni ef áhöfn nýtir sér stærstan hluta tímans inni á sérleiðinni.  
Ákveðið að ræða við keppnishaldara um vandamálið og leitast við að leysa það með breyttu lagi við gerð tímaáætlana keppna.

## 4. Innsend erindi

Einungis eitt erindi hefur borist með tillögu að reglubreytingum, en fresturinn til þess rennur út á miðnætti. Það er frá Valdimar Sveinssyni og varðar heimild fyrir 15 ára að aka á sérleiðum.  
Ráðið tekur jákvætt í tillöguna og hefur reyndar þegar fjallað um og ákveðið að leggja til við stjórn AKÍS að gera þessa breytingu fyrir næsta keppnistímabil, sjá fundargerð frá 6. október 2020.

## 5. Akstursíþróttamaður ársins

ÍG yfirgaf fundinn áður en umræða um þennan lið hófst.

Frá því að nefndin kom saman síðast hefur stjórn AKÍS frestað formannafundi og einnig breytt reglum um tilnefningar frá keppnisráðum.

Málið rætt ítarlega og ákeðið að tilnefna Ívar Örn Smáráson. AS falið að semja umsögn í samráði við Ívar til að skila með tilnefningunni.

Fundi lauk kl. 20.55

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson